



UMHVERFISSTOFNUN

ÍS 47 ehf.  
Fagraholti 3  
400 Ísafjörður

Reykjavík 9. ágúst 2016  
UST201511-187/E.D.K.  
08.12.02

### Úrbætur staðfestar vegna fráviks frá 2015 - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 4. desember 2015, þar sem áformað var að áminna ÍS 47 ehf. vegna fráviks sem kom fram við eftirlit í Önundarfirði. Frávikið varðaði að eldið var ekki staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2 í starfsleyfi.

Í skýrslu úr reglubundnu eftirliti með starfsseminni, sem fram fór 21. júní sl., kemur fram að kvíar eru nú staðsettar innan þeirra marka sem starfsleyfið heimilar. Umhverfisstofnun lítur því svo á að bætt hafi verið úr umræddu fráviki.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dags. 4. desember sl. telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni fráviksins verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 178/2016 og er 33.000kr.

Umhverfisstofnun minnir á að fjögur ný frávik komu fram við eftirlit í júní sl. og hefur rekstraraðili frest til 30. ágúst nk. til að bæta úr þeim eða senda stofnuninni áætlun um úrbætur.

Kristín L. Árnadóttir  
forstjóri

Virðingarfyllst

Eva Kristjáns  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur